

# Já eða Nei við Icesave

## 1 Hvaða afleiðingar telur þú líklegt að það hafi ef Icesave-samningurinn sem Alþingi samþykkti í desember fellur í þjóðaratkvæðagreiðslu?

**Ársæll:** Því má ekki gleyma að Icesave snýst um skuldabréf en ekki millrikkjasamning. Það kæmi mér á óvart ef ástandið yrði verra en nú er. Líklegt er að til skemmi tíma verði eitthvert pólitískt umrót uns lausn finnst sem er viðunandi fyrir alla aðila. Að því gefnu að við eigum í samskiptum við síðaðar þjóðir þá er líklegast að þetta umrót skipti litlu efnahagslegu máli horft til langframa. Horft til lengri tíma seljum við áfram fisk, rafmagn og fám ferðamenn. Líklegra er að stöðna batni ef þjóðin sýnjar þessu skuldabréfi sem er skelfilega óhag-stætt og var samið um undir nauðung hryðjuverkalaga. Frumskilyrði er þó, að stjórnvöld tefli í framhaldinu fram samningamónum sem tekið er mark á á alþjóðlegum grundvelli og þröngsýnir flokkshagsmunir verði ekki látnir ráða mannavali. Framtíðarlínshæfi og lánskjör ríkis-sjóds eru líklegi til að batna til lengri tíma eftir því sem skuldastaðan er minni. Því minna sem ríkið þarf að greiða í vaxtagreiðslur því meira er til ráðstöfunar til velferðarmála. Því er sýnjug líklegri til að auka velferð almennings heldur en hið gagnstæða.“

**Daniel:** Það verður óvissa um tíma (mögulega með hræringum á fjár-málamálráðunum) og lárnárdottunir tveir (Bretland og Holland) munu beita nokkru hróttu. Svó munu allir setjast aftur við samningaborðið og knýja fram nýtt samkomulag.“

### Erlendur:

Það verður enginn heimsendir. Það vilja allir aðilar ná samn-ingum. Þó svo að órfáir stjórnmálamenn í Bretlandi og Hollandi hafi hátt í fjömiðlum, mega menn ekki fara á taugum. Það er mun æskilegra að samningurinn verði felldur en sam-þykktur, því óbreyttur samningur er stórhættulegur til lengri tíma lítið – þeir sem vilja að hann verði staðfestur eru allt of uppteknir af skammtímasjónarmiðum. Best af öllu er hins vegar að það náist að gera þær breytingar á núverandi samningum að það þurfi ekki að koma til þjóðaratkvæðagreiðslu, heldur geti Alþingi samþykkt nýjan samning, sem hafi viðtækari stuðning í samfélaginu og forseti geti staðfest.“

### Kári:

Þjóðin mun þurfa að þola þrýsting frá alþjóðasamfélaginu og mun ekki eiga kost á erlendum lánum í bráð. En ég tel þó að það sé enn möguleiki að seljast aftur að samningaborðinu og ná ásettatlanlegri niðurstöðu. Þessi samningur endurspeglar ekki málefnastöðu og efnahag Íslands.“

### Ragnar:

Enda þótt ég sé mikill talsmaður beins lýðræðis tel ég að þetta máli sé þannig vaxið að affaraseiðast væri að það yrði leyst með samkomulagi á þinginu þannig að ekki þyrfti að koma til þjóðaratkvæðagreiðslu. Augljóst er að slíku samkomulagi yrðu að fylgja nýjar víðræður við okkar gagnaðila.

Fari lög meirihlutans engu að síður undir þjóðaratkvæði og yrðu þar feldt, tel ég að staðan sé í rauninni mjög svipuð. Þeirri afgreiðslu yrðu einnig að fylgja nýjar víðræður við okkar gagnaðila. Munurinn væri fyrst og fremst sá að talsverður tími hefði tapast, sem betur hefði verið varið í að leggja skynsamleg drög að endurreisn efnahagslífsins. Ég held ekki að efnahagslegar afleiðingar þess að fella „Icesave-samninginn“ í þjóðaratkvæðagreiðslu séu umtalsverðar umfram það sem þegar hefur orðið með höfnur forsetans á staðfestingu.“

### Porvaldur:

Norðurlöndin munu þá næstum örugglega hætta stuðningi við efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar vegna forsendubrests. Þá mun Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) eiga úr vöndu að ráða, því að honum er samkvæmt reglum ekki fært að stöjja efnahagsáætlun aðildarlands upp á önnur býti en þau, að lánsféð til stuðnings áætluninni dugi. Sjóðurinn getur samkvæmt reglum ekki útvegað meira fé sjálfur. Vandséð er, að nokkurt annað land bjóði fram fé, ef Norðurlöndin draga sig í hlé. AGS þarf þá annaðhvort að skilja Ísland eftir einangrað frá erlendum lánsfjármörkuðum eða hjálpa stjórnvöldum að setja saman nýja áætlun með harkalegri niðurskurði ríkisútgjalda og auknum álögum á fólk og fyrirtæki til að fylla gapið, sem opnast við brottfall norrænu lánanna.“

### Þórólfur:

Afleiðingarnar verða á sviði efnahagsmála, stjórnmála, samskipta við erlendar þjóðir og á sviði uttanríkisviðskipta. Efnahagslegu áhrifin ráðast af því hver viðbrögð viðsemjenda okkar verða og eins af því hvernig myndi vinnast úr slíkri útkomu á stjórnmálasviðinu innanlands. Besta útkoman fengist ef Íslendingar, Hollendingar og Bretar kæmu sér saman um víðræðuáætlun og ætluðu sér 2-3 ár til að komast að niðurstöðu og ákvæðu að halda öllum samskiptum á vinnsamlegum nótum fram að því. Versta útkoman fengist ef samn-ingsaðilar okkar ákvæðu að skapa sér vígstöðu með því að beita sér gegn íslenskum hagsmunum á öllum mögulegum vígstöðvum. Því gæti fyllt efnahagsleg einangrun, að aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu yrði nafnið tómt, að halda yrði uppi ströngum gjaldeyrishömlum og gjaldeyrisskömmtum vegna þess að alþjóðlegir fjármálamarkaðir væru Íslendingum lokaðir. Á þessari stundu álit ég að meiri líkindi séu á að slæma sviðsmyndin komi upp en að sú góða verði ofan á.“

## 2 Hverjar telur þú þá líkurnar á greiðslufalli íslenska ríkisins á næstu árum?

**Ársæll:** Að greiða lán með láni er eitt form greiðslufalls og gerir lítið annað en að fresta undirliggjandi vanda. Núverandi greiðslustaða ríkissjóðs og tengdra stofnana er mjög aðþrengd vegna mikils taps Seðlabanka, óræðsi ú í fjárfestingum helstu orkuvyrirtækja lands-ins sem og sveitarfélaga. Sú staða er óbreytt með eða án samþykkis á Icesave-skuldabréfinu. Ef Icesave-skuldabréfinu verður hafnað og ekki fást ný lán til að greiða eldri lán verður einfaldlega að endursemjja við núverandi kröfuhafa, eins og háttur er á í slíkri stöðu. Staða kröfuhafa er veik við þær kringsumtæður þegar ríki getur ekki borgað og fjölmörg fordæmi eru um að ríki hafi því notað tækifærið og samið um verulegar afskriftir af skuldum. Sókn stjórnvalda í nýtt lánsfé leysir ekki aðstoðjandi vanda heldur skýtur honum einungis á frest. Það er skiljanlegt að stjórnvöld vilji slá aðstoðjandi vanda á frest með lántöku. Þá eru skuldadagarnir vegna óræðsiunnar færðir yfir á næstu kynslóðir og þau þurfa þá ekki að horfast í augu við sínar eigin gerðir.“

### Daniel:

Það hefur í raun þegar orðið greiðslufall hjá Íslandi, að því leyti að það getur í dag ekki staðið að fullu við skuldbindingar sínar (sem deilan stendur auðvitað um) gagnvart Bretum og Hollend-ingum (innstæðueigendum).“

### Erlendur:

Það eru afar litlar líkur á greiðslufalli íslenska ríkisins á þessu ári og hinu næsta. Gjaldleyrisvarasjóðir verða hins vegar orðnir afar veikir þegar liður á næsta ár, hafi ekki náðst að mynda viðunandi innfæði erlendis fjármagns til landsins til þess að standa undir endurfjármögnun erlendra lána ríkisins og þeirra aðila sem njóta ríkisábyrgðar.“

### Kári:

Ég þáð dregst mjög lengi fyrir ríkissjóð að fá erlend lán gætu ein- hverjir opinberir aðilar þurft að semja við erlenda lánárdrottna um framlangingu lána. Það liggur ekki fyrir kyrsing langan tíma ríkið hefur áður en að þessu kemur. Opinbera skýringu á nauðyn lánafyrirgreiðslu frá AGS hefur ávallt verið sú að lánið verði einungis notað til að styrkja gjaldeyrisvarafordæm og peningunum verði ekki eytt í annað. Ef þessi skýring er rétt þá eru litlar líkur á greiðslufalli og þessi lánafyrirgreiðsla ekki bryn. Upp á síðkastið hafa stjórnmála- og embættismenn reyndar gefið til kynna að það eigi að eyða einhverju af peningunum. Þetta er mjög misvisandi og það þyrfti að skýra erlenda fjármögnunarbörk ríkisins út fyrir fólkí.“

### Ragnar:

Ég tel að líkurnar á greiðslufalli ríkissjóðs gagnvart erlendum skuldbindingum sínum munu lítið breytast þótt Icesave-samkomulagið yrði fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Fyrst er koma til þess þegar er nefnt, að sú niðurstaða þætir litlu við sýnjug forsetans á staðfestingu laganna sem nú þegar liggur fyrir. Þá ber að hafa í huga að ekki mun reyna að marki á greiðsluþi ríkissjóðs út á við fyrir en á árunum 2011 og 2012. Nú þegar er fyrir hendi gjaldeyrisforði í landinu sem fer langt í að duga til að mæta þeim skuldbindingum sem þá koma til greiðslu. Afgangur á vöru/viðskiptaþjónfinu, sem nú þegar er verulegur, mun að líkindum bæta þessa gjaldeyrisstöðu en, þá verður Mikilvægast er þó að líkurnar á greiðslufalli ríkissjóðs ráðast ekki fyrst og fremst af örlögum Icesave eða öðrum skuldbindingum þjóðarinnar. Þær ráðast fyrst og fremst af þeirri efnahagsþróun sem verður á landinu á komandi misserum og árum. Því miður sýníst með að flest það sem stjórnvöld hafa framkvæmt í þeim efnum á árinu 2009 og til þessa dags sé fremur til þess fallið að frekar veikja efnahagslífið en styrkja það. Þar nægir að vísa til fjögurra meginatriða: (1) Viðamikilla gjaldeyrishafta sem drepá stórann hluta framtaks og atvinnulífs í dröma. (2) Falsaðs gengis sem haldið er uppi með fyrr-greindum gjaldeyrishömlum og kostnaðarsömum kaupum Seðlabank-ans á krónum fyrir gjaldeyri (3) Stórkostlega skattahækkana, sem draga úr vinnu- og atþafnavilja fólks og fyrirtækja og (4) Þeirrar miklu óvissu og ótta sem núverandi ríkisstjórn hefur tekist að skapa um þau rekstrarskilyrði sem fyrirtæki hér á landi munu þurfa að búa við á komandi misserum og árum. Allt þetta dregur mjög verulega úr þrótti atvinnulífsins og vilja manna til að fjárfesta hér á landi. Það er fyrst og fremst öflugt arðvælegt efnahagslíf sem gerir okkur kleift að afla gjald-eyris til að greiða skuldir okkar og skapar þjóðinni lánstráust út á við.

Verði ekki fjötölega söðlað um og tekin upp skynsamleg efnahagsstefna hér á landi sem skapar grundvöll fyrir öflugu efnahagslífi og hagvexti á nýjan leik er greiðslufall ríkissjóðs í einhverri mynd nánast óhjálkvæmlegt. Icesave breytir engu um þetta grundvallaratriði.“

### Porvaldur:

Falli Icesave-samningurinn í þjóðaratkvæðagreiðslunni eykst hættan á enn frekari upplausn á vettvangi stjórnmálanna. Þegar það rennur upp fyrir þeim stjórnmálamönnum, sem töfðu afgreiðslu Icesave-málsins á Alþingi von úr víti, að án stuðnings Norðurlanda mun hagur fólks og fyrirtækja þrengjast til muna í bráð, annaðhvort vegna frekara gengisfalls krónunnar og aukinnar verðbólgu, ef AGS dregur sig í hlé, eða vegna herts aðhalds í fjármálum ríkis og byggða. Fari svo, eykst þá einnig hættan á, að ríkið geti ekki staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Á það mun reyna fyrst fyrir lok næsta árs, þegar stórt erlent lán fellur í gjaldaga.“

### Þórólfur:

Það eru stór lán sem eru á gjalddaga árið 2011 og það verður að teljast ólíklegt að Ísland geti staðið við skuldbindingar skv. lánasamningum ef landið hefur ekki aðgang að erlendu lánsfé annaðhvort hjá stofnunum á borð við AGS eða seðlabönkum norrænu landanna.“

## 3 Hvað afleiðingar telur þú líklegt að það hafi ef þjóðin samþykkir Icesave-samninginn frá því í desember?

**Ársæll:** Samþykki þjóðin Icesave-skuldabréfið er verið að hengja á ríkis-sjóð aukna áhættu. Með samþykkt er hættu á, ef allt fer á versta veg, að skuldbindingar ríkissjóðs verði slíkur klafi á þjóðinni að lífskjör á Íslandi verði sambærileg við það sem verst gerist í Evrópu. Fari illa er líklegt að fólk sem er gjaldgengt á vinnumarkaði erlendis leiti sér starfa þar. Það getur valdið enn frekari lífskjarskerðingu þeirra sem eftir sitja. Til dæmis þurfa ekki margir hjartalæknar að fara úr landi til að heilbrigðiskerfið geti ekki sinnt þeirri þjónustu sem skyldi.“

### Daniel:

Hið gagnstæða við það sem ég nefndi áður: stjórnmálin gætu lagst í dvala. En raunverulegu vandamálin verða enn til staðar þegar rumskað er aftur og greiða þarf reikningana.“

### Erlendur:

Það yrði veruleg ógnun við efnahag, velferð og menningarlíf í landinu næstu áratugi. Það gæti kostað okkur sjálfstæðið að lokum. Þó svo að mestar líkur séu á því að það tækist að standa undir kröfunum, með því að skera lá lífskjör landsmanna næstu 20 árin, þá eru nokkrar líkur til þess að það gengi ekki.

Forsendur þess að okkur takist að standa við núverandi samning er að það verði sambærilegur hagvöxtur og verðbólga í okkar heims- hluta og verið hefur síðustu 20 árin. Það er hins vegar margt sem bendir til þess að svo verði ekki. Íbúum Evrópu fer fækkandi og þeir eldast. Af því leiðir að þó svo að framleiðni á mann aukist, eru þó nokkrar líkur á því að hagvöxtur í Evrópuöldum verði afar litill. Það er einnig hættu á að það myndist svipað ástand í Evrópu og í Japan síðustu tvo áratugina, þar sem verðbólga hefur verið svo til engin. 5,5% fastir vextir, þar sem tæplega helmingur er hreinn hagnaður lán-veitanda, eru óhýrilega háir vextir að bera af svona stórum höfuðstól verði hagvöxtur og verðbólga lítil.“

### Kári:

Alþjóðasamfélagið mun líklega verða okkur vinsamlegra fyrr heldur en ef samningnum er hafnað. Efnahagslegar afleiðingar núverandi samnings eru hins vegar töluverðar. Árlegar vaxta- greiðslur af Icesave eru um 2,5-4% af landsframleiðslu og huganlega hærfi ef gengi krónunnar veikist mikið. Þá er höfuðstólskrafa inni- stæðusjóðs í protabú Landsbankans skilgreind í krónum en Icesave- skuldin í erlendi mynd. Þetta getur þýtt umtalsvert tjón fyrir Ísland ef krónan veikist jafnvel þó að hátt endurgreiðsluhlutfall fáið greitt úr protabú Landsbankans. Óvissan af núverandi samningi fyrir Íslend-inga er því mjög mikil en það er öruggt að hann mun hafa slæmar afleiðingar fyrir efnahag landsins. Samningurinn, eins og hann liggur fyrir, hefur engan öryggisventil ef efnahagur landsins þróast á verri veg en við vonumst til.“

### Ragnar:

Fari svo er ekki meira við gagnaöflana í því máli að tala. Icesave- skuldbindingarnar liggja þá fyrir og ríkisstjórnin getur haldið áfram stefnu haftu og ríkisrekstrar í samræmi við svokallaða efnahagsáætlun sína.“

### Porvaldur:

Þá skapast skilyrði til að halda endurreisnarstærni áfram með vel útfærðum umbótum í ríkisfjármálum og bankamálum auk annars. Kostnaðurinn vegna Icesave-skuldbindinganna er umtalsverður, en hann er þó tiltölulega litill miðað við annan kostnað, sem þjóðin þarf að bera af völdum hrunsins.“

### Þórólfur:

Þá er hægt að halda áfram skv. efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS. Staða Íslands gagnvart endurupptöku á Icesave-sam- komulaginu við upphaf greiðslutímabilsins er þó lakari en hefði forsetinn ekki sýnjað lögunum frá 30. desember staðfestingar.“

# Sérfræðingarnir:

|                            |   |
|----------------------------|---|
| <span><span></span></span> | <b>Ársæll Valfells</b><br>lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskólans í Reykjavík                              |
| <span><span></span></span> | <b>Ragnar Árnason</b><br>prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands  |
| <span><span></span></span> | <b>Daniel Gros</b><br>hagfræðingur sem veitir Evrópurannsóknum CEPS forstöðu og bankarádsmaður Seðla- banka Íslands |
| <span><span></span></span> | <b>Erlendur Magnússon</b><br>framkvæmdastjóri og bankarádsmaður í Landsbanka Íslands                                |

## 4 Hverjar telur þú þá líkurnar á greiðslufalli íslenska ríkisins á næstu árum?

**Ársæll:** Það fer eftir forsendum á borð við endurheimt eignasafns Landsbankans, náð og miskunn eiganda Icesave-kröfunnar, útkomu úr málshöfðunum annarra kröfuhafa bankans og efnahagsástands umheimsins. Um þessi atriði ríkir mjög mikil óvissa. Ýmislegt bendir til að óvissan sé meiri en stjórnvöld hafa látið í veðri vaka. Þeir sem tala fyrir því að stjórnvöld þurfi ekki að hafa áhyggjur af því hvort ríkissjóður taki á sig skuldbindingar Icesave skuldabréfsins vegna vonar um góðar endurheimtur eigna gamla Landsbankans eru að tala máli ákveðinna kröfuhafa. Þessir kröfuhafar á gjaldþrota einkafyrirtæki vilja að sjálfstöðuga reyna að breyta kröfu sinni þannig að hún verði greidd af íslenskum skattborgum framtíðarinnar. Það er auðveldasta leiðin fyrir þá, því kröfur á ríki eru annars eðlis en kröfur á einkaaðila. Kröfur á ríki fymast aldrei.“

**Daniel:** Eins og ég sagði: Í raun hefur þegar orðið greiðslufall hjá Íslend-ingum. Ef það samþykkir Icesave-samninginn, þá kemur tímabil þeirrar „tálsýnar“ að ekkert hæft brest. Eftir nokkur ár byrjar niðurskurðurinn fyrir alvöru, þó að Ísland muni að líkindum borga (takast það).“

### Kári:

Töluverðar. Ég hef áður sagt opinberlega að ég tel niðurstöðu Seðlabanka Íslands frá því í júlí 2009 um að þjóðarþúð verði „fyllilega fært“ um að standa undir Icesave samningnum sé byggð á óð bjartsýnum grunnforsendum og þar sé óvissu ekki gerð nægjanleg skil. Til dæmis gerir Seðlabankinn ráð fyrir genginu 158 krónur á móti evru. Núna er opinbert gengi 14% veikara og aflands- gengi um 40% veikara. Það þyrfti því að vinna nýja greiningu til að svara þessari spurningun.“

### Ragnar:

Samþykki Icesave-samningsins þjóir að núverandi ríkisstjórn fær frekara ráðróm til að halda áfram atvinnulífsfjandsam- legri efnahagsstefnu sinni. Þá vaxa líkurnar á framhaldandi samdrætti efnahagslífsins og einhvers konar greiðslufalli ríkissjóðs á komandi árum verulega að mínu mati. Verði Icesave samningurinn samþykktur er að vísu fremur líklegt að ríkisstjórninni takist að verða sér úti um það erlenda lánsfé sem þegar er um samið og að það geti fleytt landinu áfram í nokkur ár. Kjarni málsins er hins vegar sá að því lengur sem efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar er við lýði þeim mun veikara verður íslenskt efnahagslíf til framrúðar. Líkurnar á einhvers konar greiðslufalli ríkissjóðs er fram í sækir, þ.e. eftir svona 5 til 10 ár, verða þá stórum meiri.“

### Þórvaldur:

Verði Icesave-samningurinn samþykktur, verða líkurnar á greiðslufalli ríkisins minni en ella að öðru jöfnu. Hversu miklu minni þær verða getur enginn vitað.“

### Þórólfur:

Þá eru líkur á greiðslufalli hverfandi, enda væri Ísland þá í góðu samkomulagi við AGS og samstarfsþjóðir sjóðsins. Líkur á greiðslufalli eftir 2016 eru hverfandi, ef marka má þau yfirlit sem komið hafa frá Seðlabanka Íslands á undanfórnum vikum.“

## 5 Hvernig er æskilegast fyrir Ísland að vinna sig út úr þessu máli, að þínum dómi?

**Ársæll:** Eins og þetta máli hefur þróast eru þeir sem hafa haldið á málum til þessa fyrir Íslendinga ótrúverðugir. Þeim þarf að skipta út og fá alþjóðlega viðurkennda sérfræðinga í þjóðarskuldbind-ingum til ráðgjafar. Einnig er eðlilegt að þrjúðir aðili komi að málinu sem sáttasemjari eins og bent hefur verið opinberlega á og breska fjármálaráðuneytið hefur sagt að Evrópubandalagið eigi að gera samkvæmt fréttnum.“

### Daniel:

Þíðið eftir úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar og útskýrið svo fyrir Bretum og Hollendingum að á Íslandi sé raunverulegt lýðræði.“

### Erlendur:

Sú um pólitísk mái eru það stór að þau á að leysa á þverpólitísk- um grunni. Icesave er þess konar mál. Það yrði gróðarlega sterkt að mæta með þverpólitíska nefnd skipaða sterkm stjórnmálamönnum á fundi í London og Amsterdam til þess að finna viðunandi niðurstöðu fyrir alla aðila. Nefndin þyrfti líka að heimsækja Berlín, París og Brussel til að skýra afstöðu okkar út fyrir ráðamönnum og fá stuðning þeirra. Allir stjórnmálaflokkarnir eiga nú þegar að skipa nýja samninga- nefnd, skipaða einum manni frá hverjum flokki undir forystu Ingóbjargar Sólrúnar Gísladóttur. Nefndin á að ráða sér eina af öflugustu lög- fræðisríkstofu í London og aðra í Hollandi sér til ráðgjafar, ekki aðeins í skjalagerð heldur einnig í að meta mögulegar lausnir og taka þátt í samningafundum með henni. Ég hef komið að alþjóðaviðskiptum í meira en tvo áratugi og þekki það af reynslu að þjónusta bestu lög- manna í erlendum samningum er besta fjárfesting sem til er. Nefndin þarf umboð áfalli sinna flokka til þess að semja um viðunandi lausn á pólitískum grunni.

Málistaður Íslands nýtur mikils stuðnings meðal almennings og viðskiptalífsins í Bretlandi og Hollandi (t.d. yfir 90% þeirra sem skrifuðu athugasemdir á bloggsíðu Financial Times um þetta máli töku afstöðu með Íslendingum). Það eru því allir forsendur til þess að ná niðurstöðu, ef menn taka strax á málum.

Ég tel raunhæfa niðurstöðu felast í:

- A) Hollendingar og Bretar lána Íslandi á vaxtakjörum sem eru hin sömu og þeirra eigin fjármagnskostnaður – þannig geta þeir réttlætt innanlands að þeir fái sitt fjármagn til baka. Það er engin ástæða til þess að þessi lönd séu að græða óhýrilegar upphæðir á íslenskum skattborggurum, þessvegna í meira en mannsevi eins og núverandi samningar fela í sér.
- B) Vextirnir verða fljótandi, sem þjóir að þeir fylgja betur hagvexti og verðbólgu – eins og er þýddi það innan við 1% vextir á ári.
- C) Íslendingar fylgja strax að greiða vexti, þannig að það safnist ekki upp stór höfuðstólið að öþörri. Aukin skuldsetning er ekki það sem landið þarf.
- D) Það verður þak á árlegar greiðslur sem tekur mið af þjóðarfram- leiðslu.
- E) Við sættum okkur í staðinn við að hægt sé að framlangja lánið í 5 ára fresti eftir 2024, hafi það ekki verið greitt upp þá þegar, en í hvert sinn verði sest að samningaborði til þess að meta stöðuna.“

### Kári:

Lagaleg skylda Íslands til að standa undir þessum byrðum er vafamál. Þar af leiðandi er sanngjörn krafa að mótaðilar komi til móts við okkur. Það gæti til dæmis falist í því að fá vaxtarþrosentu lækkaða, ákveðna fyrirvara samþykpta og skilgreina kröfur í protabú Landsbankans erlendir mynd. Þá þyrfti einnig að leita tilrauna leida til að skilgreina kröfu innistæðusjóðs í samræmi við tjón sjóðsins þannig að vextir fengjast að einhverju leyti greiddir. Í svona stóru máli þarf að tína allt til, því hvert atriði getur sparað tugi milljarða fyrir þjóðarþúð. Á meðan ættu Íslendingar að einbeita sér að endurreisn efnahagslífsins. Þar eru ótal úrlausnarefni sem ekki eru háð Icesave eða lánafyrir- greiðslu frá AGS. Til dæmis ætti að skoða alvarlega að umbreyta erlendum lánum í krónur og létta á gjaldeyrishöftunum. Höftin eru kostnaðarsöm og geta ekki gengið til lengdar.“

### Ragnar:

Icesave-málið, þótt vont sé, er ekki það alvarlegasta sem hrjár þjóðina. Mikilvægast er að sem fyrst verði horfið frá þeirri efnahagsstefnu haftu, hára skatta og ríkisrekstrar, sem núverandi ríkisstjórn hefur markað. Verði það snarlega gert getur efnahagslífið náð sér á strik á nýjan leik á fámum misserum. Þá kemur þjóðin og sjálfsvirðing hennar í kjölfari.“

### Porvaldur:

Þjóðin þarf að snúa bókum saman og kappkosta að standa við skuldbindingar ríkisins í útiöndum. Ríkisstjórnin þarf að halda fast við áætlunina, sem lagt var upp með fyrir rósku ári, og sjá jafnframt til þess, að ábyrgðarmenn hrunsins, bankamenn og aðrir, séu látnir sæta ábyrgð að lögunum. Þannig og aðeins þannig getur ríkis- stjórnin áunníð sér traust almennings og sannfært hann um nauðyn þess að bita á jaxlinn, standa skil á erlendum skuldum ríkisins og reisa landið aftur úr rústum hrunsins.“

### Þórólfur:

Víð höfum ekkert betra í höndunum en aðgerðaáætlun AGS og stjórnvalda.“

## 6 Voru gerð mistök við gerð Icesave-samningsins í upp- hafi eða var rétt að honum staðið af hálfu stjórnvalda?

### Ársæll:

Méðhöndlun stjórnvalda á þessu máli vekur furðu og undrun, hér heima sem og erlendis. Manni virðist sem samnings- markmið stjórnvalda hafi frá upphafi verið óljós eða ekki til staðar. Í stað þess að samningsmarkmið hafi byggst því á að standa við réttmætar skuldbindingar en jafnframt lágmarka mögulegan skaða fyrir velferðarkerfið þá hafi aðrir þættir skipt meira máli. Eins og að ljúka málinu hratt og stýggja ekki erlenda aðila. Orka stjórnvalda virðist frekar hafa beint en í við gegn Íslendingum sjálfum heldur en gegn deiluaðilum. Eins og bent hefur verið á fór samninganefndin út í því umboði að semja en kom til baka með reikninginn. Það sem er enn verra er að eins og stjórnvöld hafa haldið á málum er reikningurinn líklegastur til að lenda á þeim sem ekkert til hans hafa unnið.“

### Daniel:

Það var tilraunarrinnar virði að ná viðunandi samkomulagi. Enginn veit í upphafi samninganna hvaer útkoman verður.“

### Erlendur:

Víð eigi ekki ekk að eyða orku okkar og tíma í að rekja hvaða mistök voru gerð og af hverjum. Leggjum niður deilur okkar innanlands og vinnum við lausn sem bæði við og mótaðilar okkar geta orðið vinnu við.“

### Kári: